

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	9.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit 2018 í Elkem Íslandi ehf. Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar rykmagn í útblæstri, búið er að ráðast í endurbætur og telst því úrbótum vegna þess lokið. Engin ábending var gerð í eftirlitinu. Staðfest var í eftirlitnu að úrbótum vegna eldra fráviks varðandi deigluhreinsun var lokið. Er þá úrbótum vegna allra frávikna lokið.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að fara yfir útistandandi eldri frávik. Árið 2016 kom fram frávik vegna deigluhreinsunar sem fór fram utandyra á malaplani án nokkurra mengunarvarna. Starfaði fyrirtækið eftir útbótaáætlun og kom nú fram í eftirlitinu að deigluhreinsun fer nú fram innandyra. Telst því úrbótum vegna þessa fráviks vera lokið.

Farið var yfir kvartanir er fram hafa komið frá síðasta eftirliti. Þann 9. ágúst barst Umhverfisstofnun kvörtun vegna reyks frá verksmiðjunni, var haft samband við fyrirtækið sem sagði að tímabundin rekstrarvandræði við ofn 1 hafi orsakað óvenju mikla rykmyndun við töppun. Unnið er að endurbótum á töppunar afsogskerfi til að koma í veg fyrir sambærilegar aðstæður. Einnig kom fram að rekstraraðili stefnir að uppsetningu á síritandi rykmælum í töppunar afsogskerfi ásamt því að stefnt er að uppsetningu einfaldari ryknema í minni afsogsbúnaði.

Farið var yfir mæliniðurstöður er borist hafa frá síðasta eftirliti. Mæling á frárennsli var framkvæmd í júlí 2018 og kom í ljós að frárennsli frá verksmiðjunni uppfyllti kröfur í starfsleyfi. Voru gerðar mælingar á rykmagni í útblæstri frá verksmiðjuhúsi og afsogsbúnaði töppunar síðastliðið vor og voru þær mælingar allar undir losunarmörkum skv. starfsleyfi. Einnig var mælt við steypubelti (G), tveimur stöðum í pökkunarhúsi (K og J) og gamla kvarnarhúsi (I). Voru mælingarnar undir mörkum í starfsleyfi nema við steypubelti (G) og telst það frávik frá grein 2.6 í starfsleyfi. Voru gerða endurbætur á hreinsibúnaði við steypubelti og mælt aftur, var þá rykinnihald undir mörkum og telst þessu frávikni því lokið.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikni

Grein 2.6

Rykmagn í útblæstri frá steypubelti mældist  $80 \text{ mg/Nm}^3$ . Var mælt aftur að loknum úrbótum og var þá rykmagn undir mörkum og telst þessu frávikni því lokið.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2018



---

Sverrir Aðalsteinn Jónsson





